

Ed.

191. Nefndarálit

[76. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Við leggjum til, að frv. þetta sé fellt.

Við athugun málsins kom hæstv. fjármálaráðherra á fund nefndarinnar og upplýsti, að e. t. v. mundi hann nota undanþáguheimild 20. gr. laganna til þess að innheimta ekki söluskatt af póst- og símaþjónustu á næsta ári og mundi sú afstaða ráðast af því, hvort þessi fyrirtæki kæmst af án þess að hækka gjaldskrár sínar eða ekki. Ef athugun sú, sem nú er sagt að yfir standi, leiðir til þess, að gjaldskránar þurfi að hækka, þá verður $7\frac{1}{2}\%$ hækkun vegna söluskattsins bætt þar ofan á, verði frv. samþykkt. Miklar líkur eru þess vegna á því, að samþykkt frumvarpsins muni leiða til verulegrar hækkunar á þjónustu pósts- og síma, ef ekki strax, þá síðar. Við teljum fráleitt að lögfesta slíka dýrtíðaraukningu nú, þegar almenningur í landinu þarf að mæta stórfelldum útgjaldaauka vegna gengisfellingarinnar án bóta og allur atvinnurekstur berst í bökkum.

Við teljum, að til greina geti komið að taka einhvern hluta af rekstrarafgangi pósts og síma til annarra ríkisþarfa, eins og ráðgert var í fjárlagafrumvarpi 1968, en fráleitt að hækka nú afnotagjöld og aðra þjónustu þessara stofnana, eins og hér virðist að stefnt. Gjöld almennings og atvinnufyrirtækja eru sannarlega nógu há eins og þau eru.

Alþingi, 18. des. 1967.

Einar Ágústsson,
form.

Bjarni Guðbjörnsson.

Björn Jónsson.